

Kennsluáætlun fyrir 1. bekk skólaárið 2021/2022

Almennu markmiðin í 1. bekk í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum eru að skapa heilðræna kennslu þar sem virðing fyrir hinu litla barni er í hávegum höfð. Að kennslan styðji við það að barnið tengist sjálfu sér og umheimi sínum og geti notað krafta sína á sjálfstæðan hátt, þegar fram líða stundir. Á þessum árum er mest unnið með „viljakraftana“, þ.e. lært út frá því að framkvæma og í gegnum það ná til hugsanna kraftanna.

Til að ná þessum markmiðum hafa dagarnir, vikurnar og árið sinn reglubundna hrynjanda sem tengist árstíðunum. Börnin fá tilfinningu fyrir deginum, vikunni, fyrir árstíðunum og hvíla í þessum hrynjanda. Leitast er við að námið sé ríkt af aha-upplifunum og handföstum verkefnum sem alltaf tengjast barninu og nærheimi þess.

Í 1. bekk fylgir hrynjandi morguntímanna leikskólanum og hefur hver dagur sitt þema.

Á hverjum mánudegi eru farnar tveggja til þriggja tíma nestisferðir í umhverfi skólans.

Hólar og dalir, hraun og lækir, melar og móar og skóglendi er skoðað. Gengið er á Selfjall þar sem kletturinn Kista er skoðuð.

Markmið:

- Nemendur læra um áttirnar og helstu nöfn og hugtök fyrirbæra náttúrunnar sem þau upplifa.
- Nemendur læra að þekkja plöntur og dýr í umhverfi sínu.
- Nemendur upplifa á eigin skinni breytingu árstíðanna.
- Nemendur þjálfá hreyfing, úthald og þol
- Nemendur byggja upp félagsleg tengsl við bekkjarsystkini sín

Priðjudagur

Bakstur

Oft er matreitt fyrir hátíðir, svo sem bökuð lúsiubrauð, strokkað smjör fyrir drekabrauð á Mikjálsmessu og smákökubakstur fyrir jólin.

Börnin taka öll þátt í frágangi, umsjónarmenn sjá um að þrifa borð og gólf undir leiðsögn kennara.

Markmið:

Að börnin:

- upplifi matreiðslu sem hluta af lífinu og að þau tengist öllu ferlinu eins og hægt er; að búa til deig, matreiðslunni, að njóta afrakstursins og frágangi.
- upplifi og taki þátt í matreiðslu sem tengist þeirra hvunndegi svo og hátíðardögum.
- noti fingurna (snertiskynið) og þjálfist í að baka brauð.
- upplifi ferli, t.d. hvernig gerið virkar/súrdeig, strokka smjör.
- noti og þjálfist í að nota verkfæri eins og hnífa, vigt og önnur eldhústæki.
- vinna saman

Miðvikudagur

Málun

Á þessum aldri er einungis málað með lífrænum vatnslitum á rakan málningapappír. Kennarinn velur hverju sinni 1-3 liti til að nota við hvert verkefni. Verkefnin eru ýmist frjáls eða skipulögð og tengist inn í lotukennslu.

Verkefnin ganga m.a. út á upplifun á samspili litanna (stundum eru þeir feimnir og þora ekki að snertast, stundum leika þeir saman), upplifun á líkum litum eða andstæðum, upplifun á karakter litanna, mismunandi stærð forma, lögun þeirra og samsetningu.

Einstaka stýrð verkefni út frá hátíðum, s.s. lukt úr máluðum pappír á Marteinsmessu.

Markmið:

Að börnin:

- upplifi litina og hvernig þeir tala saman. Karakter þeirra, fegurð og blöndun þeirra og/eða samspil.
- þjálfist í meðferð penslanna, notkun, tækni og frágangi.

Fimmtudagur

Tónlist

Nemendur syngja árstíðabundin lög vikunnar. Rytmaleikir og umhverfið nýtt til að búa til hljóð og einfalda takta.

Föstudagur

Teikning

Í tengsl við ævintýra frásögn er teiknað einnu sinni í viku.

Innihald mynda er rædd með nemendum í undirbúningi og stundum teiknað á töflu í grófum dráttum.

Í tímanum er þá myndina unnið sjálfstætt af krökkunum og kláruð. Oftast eru notað A3 og vaxlitir.

Markmið:

- listrænt úrvinnsla úr frásagnar efninu
- dýpka námsefnið
- upplifa uppbygging málverksins í að skapa sjálf

Fastur hluti morguntímans eru svo á hverjum degi

Morgunhringur:

Í morgunhringnum byrjum við alltaf á að fara með sama morgunvers. Að því loknu er farið með þulur, farið í fingra leikir, sungið og leiknir hringleikir/stuttir hlutverkaleikir með söng.

Einnig getur komið fyrir að við spilum á hljóðfæri (litlar lírur, ásláttarhljóðfæri), tókum nuddhring, slökun, spjall og hlustun.

Markmið:

Að börnin:

- upplifi góða og sameiginlega byrjun á deginum.
- tengist námsefninu á lifandi hátt, með því að nota sjálft sig á allan hátt; líkamlega, listrænt og vitsmunalega.
- upplifi gleðina, fegurðina og tilfinninguna um samheldni við að syngja saman í hóp.
- hreyfi sig og þjálfí fín- og grófhreyfingar
- upplifi fjör, gleði, nánd, kraft, fínleika o.s.frv.
- þjálfí félagslega færni, að geta verið miðpunkturinn og geta haldið sig til hlés. Þjálfí jafnvægi milli þess að segja frá og hlusta.

Frásagnir:

Frásagnir eru stór hluti af kennslunni. Sögð eru klassísk ævintýri s.s. íslensk ævintýri, Grimms Ævintýri og hin norsku ævintýri Asbjørnsen og Moe, öll valin með tilliti til aldur barnanna. Einnig eru sögð romsu-ævintýri og ævintýri tengd hátíðum/árstíðum. Eða frumsamdar sögur tengdar upplifun kennarans, stemningu í barnahópnum eða beint út frá sköpunarkraftinum.

Kennarinn lærir ævintýrin/sögurnar utan að og segir börnunum þau frá hjartanu. Hann tengist þannig efninu sjálfur og færir börnunum það milliliðalaust. Hann segir frá með hlutlausri, eðlilegri rödd og sér sjálfur fyrir sér innri myndir ævintýrsins á meðan hann segir frá. Stundum fléttast hljóðfæri eða hreyfingar inn í frásögnina. Einstaka sinnum eru notaðar dúkkur á borði við frásögnina, t.d. á Marteinsmessu, þegar þau heyra luktar-ævintýri.

Markmið:

Að börnin:

- upplifi og máti ómeðvitað í gegnum frásögnina stereótýpur ævintýranna og alla þá mismunandi eiginleika sem þær búa yfir.
- spegli sig ómeðvitað í öllum þessum eiginleikum, sem búa í okkur, og upplifi sterkt sigur réttlætis, innri fegurðar og góðsemi yfir óæðri eiginleikum. Að þau þannig upplifi ómeðvitað vísdom hinna fornu ævintýra sem áður fyrr varðveittust frá gleymsku með munnlegri frásögn kynslóða á milli.

- samsami sig heimi þar sem allt er hægt, verkefni eru krefjandi, erfiðleikar steðja að, mistök eru gerð en allt gengur vel að lokum.
- upplifi ævintýrið og það lifi áfram ríkt innra með þeim.
- njóti þess að heyra sögur og ævintýri og öðlist stærri og ríkari hugmyndaheim.

Millitímarnir í 1. bekk eru kennt í lotum.

Garðyrkja / Matreiðsla:

Eitt af því fyrsta sem gert er í matreiðslu er að sulta úr berjunum sem börnin tína í byrjun skólaársins. Börnin í 1. bekk eiga sinn eigin grænmetisgarð sem 2. bekkur sáði í í vor og sinnti í sumar. Honum er sinnt áfram og það uppskorið sem sáð var.

Útbúnir verða léttir réttir til að hafa í bitanum, s.s. álegg eins og grænkálsnakk
Oftast eru ávexti í bitanum og læra börnin að skera þá niður og raða fallega á fat.

- upplifi matreiðslu sem hluta af lífinu og að þau tengist öllu ferlinu eins og hægt er; öflun hráefnis (t.d. berin), matreiðslunni, að njóta afrakstursins og frágangi.

Smíði og tálgun:

Smíði og tálgun tengt hátíðum, s.s. að saga, tálga, pússa, líma saman og binda sverð á Mikjálssmessu. Saga, bora og pússa bát. Sauma segl á hann. Fara út að sigla með hann í Litla læk um vorið.

Markmið:

Að börnin:

- fái að þroska jafnvægi líkamans; tengsl hugar, handar og hjarta. Fái að búa til eitthvað fallegt sem hefur tilgang og tengist bæði þeim og umhverfi þeirra.
- fá að læra í gegnum það að gera. Að þau þjálfu úthald, vinnusemi, þolinmæði og vinnubrögð með því að framkvæma.
- upplifi með skynfærum sínum efniviðinn, lykt, áferð og form.
- fái þjálfun í meðferð sagar, bors, sandpappírs og tálgunarhnífs.

Ullarvinna

Nemendur kynnst ullinni og taka þátt í heildrænu ferli, frá skepnu að þræði.

Nemendur þvo ull og hengja til þerris.

Ullin er kembd með kömbum og kembivél.

Nemendur handspinna þráð með snældu og kennari spinnur á rokk.

Jurtir eru tíndar úr nánasta umhverfi skólans og notaðar til litunar.

Nemendur þæfa efni og sauma í.

Leikrit

Nemendur setja upp leiksýningu byggða á jólasögu/páskasögu sem þau velja í samvinnu við umsjónarkennara.

Leikritið er sýnt á jóla- / páskaskemmtunni

Lífsleikni:

Í Waldorfskólum er lífsleikni mjög mikilvæg. Lífsleikni er ekki kennd sem fag heldur fléttast óhjákvæmilega í gegnum allt nám í skólanum.

Hún fær fyrst og fremst að þroskast í gegnum það að framkvæma. Gegnum skólareglurnar, með því að hafa góðar fyrirmyndir, eftirfylgni og árvekni kennara.

Í 1. bekk eru umsjónarmenn að leggja á borð, kveikja á kertunum, taka af borði, þrifa borð og sópa. Vökva blóm, hugsa um hænurnar og hringja inn í tíma.

Hlustun þjálfast m.a. í morgun hringnum, við matarborðið, í tímum þar sem rétta skal upp hönd þegar talað er.

Félagsþroski þjálfast allan daginn hjá börnunum, mest í frjálsum leik þar sem reglan er að allir megi vera með. Kennarinn er leiðbeinandi þegar kemur að lausn vandamála, en einungis ef þarf. Börnin fá næg tækifæri til þess að spreyta sig á þessu mikilvæga þroska.

Mánudagsgöngur, drekavikan, Þemadagar, Ólympiuleikar, svo sem hátíðarföndur og hátíðir sjálfir eru til þess fallið að börnin læri samvinnu þvert á árganga, samhengi, samúð og að hér hjálpið allir að við það sem gera þarf.